

5. Fundur

Þriðjudaginn 17. október 2023 kom stjórn saman til fundar í fundarsal félaganna 3. hæð suður og hófst hann kl. 18:30.

Mættir voru: Agnes Reykdal, Bryndís Björk Barkardóttir, Eiður Stefánsson, Claudia Lobindzus, Hulda Björnsdóttir, Jón Grétar Rögnvaldsson, Stefanía Árdís Árnadóttir og Stefán Jónsson.

Dagskrá:

1. Upplýsingar frá formanni.
Samþykkt var að kosning trúnaðarmanna í trúnaðarráð verði á vinnufundi 6. nóvember.
2. Átta mánaða uppgjör.
Farið var yfir átta mánaða uppgjör án athugasemda.
3. Velferðarsjóður Eyjafjarðar.
Samþykkt var að veita styrk að upphæð 700.000 kr.
4. Orlofshús sumar/vetur 2024/2025 framboð og verð.
Samþykkt var að hækka verð á orlofshúsum um 5% og skrifstofu falið að útfæra það. Óbreytt framboð frá fyrra ári.
5. Illugastaðir – viðhald.
Farið var yfir stöðuna og samþykkt tilboð í innréttingar.
6. Aðalfundur FVSA – tillaga að halda hann 26. febrúar 2024.
Dagsetning samþykkt samhljóða.
7. Fundur á vegum kjararáðs EBAK þann 14. nóvember 2023 kl. 16:00.
Samþykkt var að Halldór Óli fari fyrir hönd félagsins.

8. Kosning uppstillingarnefndar.

Kosin voru Jón Grétar og Agnes.

9. Vinnufundur 6. nóvember 2023 kl. 18:30.

Samþykkt var að halda vinnufund 6. nóvember kl. 18:30. Boðið verður upp á mat og skrifstofu falið að útfæra fundinn.

10. Kvennaverkfall – styrkur.

Óskað var eftir styrk að upphæð 100.000 kr. Styrkupp hæðin var samþykkt.

11. Önnur mál.

Fiskikvöld verður 12. janúar 2024. Samþykkt var að María Rut og Claudia verði í undirbúnings og skemmtinefnd. Stefnt er að því að bjóða öllum sem koma að trúnaðarstörfum fyrir félagið og mökum.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið.